



## Upplýsingar um fylgigögn

### Umsókn þurfa að fylgja eftirtalin gögn:

- 1) **Ökumanskorti** þarf að fylgja ljósrit af ökuskírteini (báðum hliðum). Mæti viðkomandi til Samgöngustofu til að leggja fram umsókn þarf einnig framvísa ökuskírteini. Ljósmynd af umsækjanda skal fylgja þegar sótt er um frumútgáfu ökumanskorts. Myndin skal vera andlitsmynd af umsækjanda, án höfuðfats, 35mm x 45 mm að stærð á endingargóðum ljósmyndapappír, án merkja og stimpla.
- 2) **Verkstæðiskorti** þarf að fylgja faggildingarvottorð og ljósrit af gildu vegabréfi eða ökuskírteini tæknistjóra. Mæti viðkomandi umsækjandi til Samgöngustofu til að leggja fram umsókn skal einnig framvísa persónuskilríkjum.
- 3) **Kostnaður** vegna ökuritakorts er 16.984 kr. sé óskað eftir að kortið sé sent á lögheimili er kostnaðurinn 18.091 kr. Umsókn er ekki afgreidd fyrr en greiðsla hefur borist. Hægt er að leggja upphæðina inn á reikning Samgöngustofu, kennitala stofnunarinnar er 540513-1040 og reikningsnúmer 515-26-210867 þá er einnig hægt að gefa upp kreditkortanúmer á síðu 1.

### Umsækjandi um ökumanskort skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

- 1) Vera með **gilt ökuskírteini frá ríki innan EES** með C1-, C-, D1- eða D-flokk í gildi.
- 2) Vera með **fasta búsetu hér á landi**.

### Endurútgáfa ökumanskorts:

Hver ökumaður má einungis hafa eitt ökumanskort. Við endurútgáfu skal skila eldra korti.